



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 14. maí 2018  
R18050089

Borgarráð

### ***Skólpdælustöð í Vogabyggð 5 - lóðarvilyrði***

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Veitum ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík vilyrði fyrir lóð, um 900 m<sup>2</sup> að stærð, fyrir skólpdælustöð á Fleyvangi í Vogabyggð 5 í Reykjavík skv. meðfylgjandi skilmálum.

#### *Greinargerð:*

Rammaskipulag fyrir Vogabyggð og nýsamþykkt deiliskipulag fyrir Vogabyggð 1 dags. 14. febrúar 2018 gera ráð fyrir að núverandi skólpdælustöð Veitna ohf. á Gelgjutanga verði flutt á nýja aðgreinda lóð, sem verður inn á svæði Siglingaklúbbsins Snarfara við Fleyvang (Vogabyggð 5). Lóð dælustöðvarinnar verður um 900 m<sup>2</sup> að stærð og heimilt verður að byggja á lóðinni allt að 300 m<sup>2</sup> mannvirki.

Samkomulag við Snarfara m.a. um staðsetningu þessarar lóðar liggur fyrir. Verið er að vinna deiliskipulagstillögu fyrir Vogabyggð 5 þar sem gert verður ráð fyrir lóð þessari fyrir Veitur ohf.

Nauðsynlegt er að veita Veitum ohf. þetta vilyrði svo að fyrirtækið geti nú þegar hafist handa við lokahönnun á skólpdælustöðinni.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:  
Lóðarvilyrði fyrir skólpdælustöð.

Dags. 14.5.2018

## Lóðarvilyrði

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík, veitir Veitum ohf., kt. 501213-1870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, vilyrði fyrir um 900 fm. lóð fyrir skólþdælustöð á Fleyvangi (Vogabyggð 5) með fyrirvara um samþykki nýs deiliskipulags fyrir lóðina. Lóðin verður skilgreind sem iðnaðarsvæði skv. f-lið greinar 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Stærð og staðsetning lóðarinnar verður nánar ákveðin í deiliskipulagi, sem nú er unnið að. Miðað er við að lóðin verði um 900 m<sup>2</sup> að stærð. Heimilt verður að byggja á lóðinni dælustöð, tvær hæðir að hluta auk þróar, allt að 300 m<sup>2</sup> að stærð. Þróin verður allt að 11-12 m djúp og hæsta hæð hússins verður þrýstiturn um 8 m frá yfirborði.

Fyrirhuguð staðsetning lóðarinnar er sýnd á fylgiskjali með vilyrði þessu.

Lóðarleigusamningur verður gefinn út þegar nýtt deiliskipulag af Fleyvangi (Vogabyggð 5) hefur tekið gildi.

Veitur ohf. munu, þegar borgarráð hefur samþykkt vilyrði fyrir lóðarúthlutun, hefja fullnaðarhönnun á nýrri skólþdælustöð á lóðinni. Veitur stefna að því að stöðin verði tekin í notkun sem fyrst og miðað er við að það verði eigi síðar en eftir 18 mánuðum eftir að lóðarleigusamningur verður gefinn út fyrir dælustöðina á grundvelli nýs deiliskipulags fyrir Vogabyggð 5.

Komi til þess við afgreiðslu deiliskipulags fyrir svæðið að lóð skólþdælustöðvarinnar hnikist til frá því sem nú er gert ráð fyrir og sýnt er á fylgiskjali með lóðarvilyrði þessu og það hafi áhrif á útlagðan hönnunarkostnað við skólþdælustöðina, skuldbindur Reykjavíkurborg sig til þess að greiða þann viðbótarkostnað sem af því hlýst.

Lóðarvilyrði þetta er tímabundið og gildir í tvö ár frá því deiliskipulag hefur tekið gildi með auglýsingu í B- deild stjórnartíðinda. Veitur ohf. getur eftir gildistöku deiliskipulagsins og í tvö ár þaðan í frá, óskað eftir úthlutun lóðarinnar. Nýti félagið sér ekki lóðarvilyrði þetta á umræddum tíma, fellur lóðarvilyrðið niður. Óheimilt er að framselja lóðarvilyrði þetta nema með samþykki borgarráðs.

Veitum ohf. skal tryggð góð aðkoma að dælistöðinni yfir lóð Snarfara félags skemmtibátaeigenda.

Veitur ohf. munu greiða gatnagerðargjald fyrir lóðina. Gatnagerðargjöld greiðast samkvæmt gjaldskrá Reykjavíkurborgar við samþykkt teikninga hjá byggingarfulltrúa.

Lóðavilyrði þetta var samþykkt á fundi borgarráðs,

Reykjavík

F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. Veitna ohf.

Vitundarvottar:

Höf / Yfir: SM / HOA  
Teiknistofan Tröð  
Jaakko van 't Spijker, Felix  
Verkkaupi: Reykjavíkurborg

Vogabyggð - svæði 5 - Deiliskipulag  
Greinargerð og skilmálar  
Dags: 10.05.2018

#### 7.4 Stofnlagnir fráveitukerfis og skólpdælustöð



Stofnlagnir fráveitukerfis liggja um skipulagssvæðið. Afmarkað er helgunarsvæði skólplagna á skipulagsupprætti og á skýringarmynd. Kvöð er um grafrarétt á helgunarsvæði. Ekki er heimilt að reisa byggingar á helgunarsvæði.

Lóð fyrir skólpdælustöð er um 900m<sup>2</sup> að stærð. Aðkoma að lóð skólpdælustöðvar er um lóð Skemmtibátafélagsins Snarfara, gagnkvæm kvöð um aðgengi er á báðum lóðum.

Heimilt er að byggja á lóðinni skólpdælustöð, tvær hæðir að hluta auk þróar, allt að 300m að stærð. Þróin verður allt að 11-12m djúp og hæsta hæð hússins verður þrýstitum um 8m frá yfirborði.